

Ellilífeyrir, útreikningur lífeyris og tengdra greiðslna - janúar 2019 TRYGGINGASTOFNUN

Allar skattskyldar tekjur einstaklings hafa áhrif á útreikning á ellilífeyri og tengdar greiðslur, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur. Undantekningar eru þó greiðslur frá Tryggingastofnun, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur ellilífeyris og heimilisuppbótar. Búseta á Íslandi í 40 ár á aldrinum 16-67 ára veitir fullan rétt.

Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar lífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar.									
Réttindi	Upphæðir		Almennt frítekjumark ¹		Sérstakt frítekjumark atvinnutekna ²		Áhrif tekna yfir frítekjumörkum	Greiðslur falla niður	
	mán.	ár	mán.	ár	mán.	ár		mán.	ár
Ellilífeyrir	248.105	2.977.260	25.000	300.000	100.000	1.200.000	45%	576.344	6.916.133
Heimilisuppbót	62.695	752.340	25.000	300.000	100.000	1.200.000	11,9%	551.849	6.622.185
Uppbót á lífeyri ³ - 5 til 140% af lífeyri								244.132	2.929.579
Uppbót v/reksturs bifreiðar ⁴	17.180	206.160						576.344	6.916.133
Ráðstöfunaré	74.477	893.724					65%	114.580	1.374.960

¹Almennt frítekjumark: Hægt er að nýta það fyrir allar tekjur, þ.á.m. fyrir atvinnutekjur.

²Sérstakt frítekjumark atvinnutekna: Bætist við almenna frítekjumarkið en á eingöngu við um atvinnutekjur. Ef bæði frítekjumörkin eru nýtt að fullu hækkar fjárhæðin sem greiðslur falla niður við um fjárhæð sérstaks frítekjumarks vegna atvinnutekna, þ.e. um 1.200.000 kr. á ári.

³Uppbót á lífeyri getur verið 5 til 140% af lífeyri. Heimild til greiðslu uppbótar er bundin við að heildartekjur, þ.e. skattskyldar tekjur að meðtöldum skattskyldum tekjum frá TR, séu undir viðmiðunarmörkum sem eru lægri en óskertur ellilífeyrir. Uppbót fellur niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum. Uppbót er skattfrjáls greiðsla.

⁴Uppbót v/reksturs bifreiðar er greidd vegna hreyfihömlunar og er skattfrjáls greiðsla.

Hægt er að setja forsendur inn í reiknivél lífeyris á tr.is til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Mælt er fyrir um útreikning lífeyris í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og uppbóta í lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.